Rauði kross Íslands

# Starf með foreldrum innflytjendabarna í Fjarðabyggð


Sigríður Herdís Pálsdóttir verkefnastjóri Rauða kross deilda og móttökufulltrúi nýrra íbúa í Fjarðabyggð




# Samstarfsverkefni

- Verkefnastjóri kom til er samstarfssamningur Rauða krossins og sveitarfélagsins Fjarðabyggðar varðandi móttöku nýrra íbúa í Fjarðabyggð var undirritaður í febrúar 2008 til tveggja ára
- Samningurinn hefur verið endurnýjaður árlega
- Verkefnastjóri er í 50% starfi hjá Rauða kross deildunum í Fjarðabyggð og 50% hjá fjölskyldusviði og nýtir starfsaðstöðu og úrræði sveitarfélagsins, sem og úrræði Rauða krossins



# Nýir íbúar í Fjarðabyggð

- Verkefnastjóri er með viðveru á skrifstofu til að aðstoða nýja íbúa
- Nýir íbúar skynja að þeir eru velkomnir
- Verkefnastjóri heimsækir nýja íbúa og færir þeim lykil að Fjarðabyggð og bækling með helstu upplýsingum um þjónustu og afþreyingu, kynnir sjálfan sig og að hann sé til aðstoðar
- Verkefnastjóri er með viðveru í þjónustugáttum í hverju hverfi einu sinni í mánuði



Rauði kross Íslands

# Innflytjendur

- Þegar innflytjendur koma á bæjarskrifstofuna er vísað á verkefnastjóra
- Innflytjendur leita til verkefnastjóra með pappírsvinnu m.a. kennitölu, skráningu í þjóðskrá, atvinnuleysisbætur, skráningu úr landi og húsaleigubætur




FJARÐABYGGÐ | þú ert á góðum stað
fjardabyggd.is
Mjóifjörður Norðfjörður Eskifjörður Reyðarfjörður Fáskrúðsfjörður Stöðvarfjörður

# Nýir íbúar í Fjarðabyggð




- Stefna sveitarfélaganna varðandi móttöku nýrra íbúa á Austurlandi var samþykkt
- Útbúin var handbók um það hvernig tekið er á móti nýjum nemendum í leik- og grunnskóla
- Foreldrum nýrra nemenda er boðinn tengiliður á sama aldri og nemandinn

Rauði kross Íslands

# Innflytjendur

- Í Fjarðabyggð búa 4660 íbúar
- Af þeim eru 470 með erlent ríkisfang
- 27 þjóðerni
- Pólverjar eru 320, aðrar þjóðir eru frá 1 til 27 manns
- Margir eru komnir með íslenskan ríkisborgararétt
- Í Fjarðabyggð eru 82 heimili með börn af erlendum uppruna



# Innflytjendur

- Erlendum konum er boðið að gerast mentee og fá þá íslenska konu til ráðgjafar, mentor
- Hringivinur, byrjaði þannig að erlend móðir með barn í 1. bekk  vildi komast  í samband við aðra móður sem hún gat hringt í þegar hún þurfti upplýsingar
- Samstarf við skóla. Í fyrsta viðtali sem tekið er við foreldra barna er boðið upp á tengingu við aðra foreldra og hafa nokkrir þegið það. Einnig  hefur þeirri ábendingu verið komið til bekkjartengla að gæta vel að nýjum foreldrum



Rauði kross Íslands

# Innflytjendur

- Mikið er um að erlendar konur leiti til verkefnastjóra til að fá aðstoð við börnin, samskipti við félagsþjónustu og fleira sem viðkemur börnunum
- Innflytjendur æfa sig að tala íslensku á bókasafninu á Reyðarfirði og Eskifirði og í Austurbrú á Norðfirði einu sinni í viku
- Sjálfboðaliðar Rauða krossins sjá um æfingarnar



# Innflytjendateymi á Austurlandi

- Hagsmunaráð er fyrir íbúa af erlendum uppruna og þá sem starfa náið með innflytjendum
- Hugmyndin kom frá  Fjölmenningarsetri og Rauða krossinum á Austurlandi
- Innflytjendateymið fundar fjórum sinnum á ári



# Fundir fyrir foreldra




- Haldnir voru fundir í byggðakjörnunum fimm í Fjarðabyggð með foreldrum innflytjendabarna í leik- og grunnskólum Fjarðabyggðar
- Markmið slíkra funda var að upplýsa erlenda foreldra um þá þjónustu sem í boði er og stuðla þannig að góðri aðlögun og virkni í nýju samfélagi og tryggja aðgengi að þjónustu
- Send voru bréf til foreldra á íslensku, pólsku og ensku

Rauði kross Íslands

# Fundir fyrir foreldra




- Verkefnastjóri kynnti sig, starf sitt og sameiginlega uppeldisstefnu
- Fræðslustjóri kynnti skóla og frístundastarf
- Félagsmálastjóri kynnti starf félagsþjónustu og barnavernd

# Samstarfsaðilar

- Félagsþjónusta
- Fræðslustjóri: leik- og grunnskólar
- Verkmenntaskólinn
- Prestar/munkar/nunnur
- Vinnumálastofnun
- Austurbrú
- Stéttarfélagið Afl
- Vinnuveitendur
- Þjóðskrá
- Útlendingastofnun
- Starfa
- VIRK starfsendurhæfingarsjóður
- Krabbameinsfélagið



# Samstarfsaðilar

- Oft sömu skjólstæðingar
- Sameiginlegur neyðarsjóður – Jóla / fermingaraðstoð
- Fatnaður fyrir þá sem þurfa frá Rauða kross búðunum



# Fjarðabyggð
# - góður staður
# til framtíðar



